

Skjöl málsins liggja frammi svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Gunnar Zoëga hdl. og krefst lögtaks fyrir kr. 5.301,60 með vanskilavöxtum til greiðsludags, kr. 700,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Jón Guðjónsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti lögtak í eign gerðarþola bifreiðinni R-7686, sem er Datsun 1980.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 13. desember 1985.

Nr. 265/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Donald Helgasyni

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Guðjón St. Marteinnsson, fulltrúi við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Við birtingu hins kærða úrskurðar fyrir verjanda varnaraðilja hinn 5. þ.m. kvaðst hann kæra úrskurðinn til Hæstaréttar „og gera sömu kröfur og bókaðar voru í þinghaldi 29. nóvember sl.“ Samkvæmt því verður að telja, að dómkröfur varnaraðilja í kærumálinu séu þær, að Ellert Vigfússon verði skyldaður til þess að bera vitni um það, hver maður sá er, sem gaf honum upplýsingar og um ræðir í úrskurðinum.

Kæran barst Hæstarétti 5. þ.m.

Af hálfu ákærvalds hefur ekki borist greinargerð.

Vitninu Ellert Vigfússyni var kynnt kæran í þinghaldi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 5. þ.m. Er þetta bókað eftir vitninu: „Mætti vísar í ástæður fyrir synjun sinni er bókaðar voru í þinghaldi 29. nóvember sl.“

Ágreiningsefni í máli þessu hefur réttilega verið tekið sérstaklega til úrskurðar samkvæmt 103. og 124. gr. laga nr. 74/1974. Kæra úrskurðarins er heimil samkvæmt 6. tölulið 172. gr. sömu laga.

Af skýrslu vitnisins Ellerts Vigfússonar má ráða, að upplýsingar þær, sem hann fékk hjá hinum ónafngreinda manni, hafi hann fengið gegn fyrirheiti um að skýra ekki frá nafni hans. Þykir vitnið eigi verða skyldað til þess að rjúfa þann trúnað, en héraðsdómari metur hins vegar, hvort upplýsingarnar geti talist sönnunargögn gegn ákærða við úrlausn málsins. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 2. desember 1985.

Málavextir:

Hinn 8. maí sl. var þingfest hér fyrir dómi sakadómsmál nr. 314-319/1985.

Munnlegur málflutningur fór fram 21. okt. sl., og var málið tekið til dómsálagningar sama dag. Málið var síðan tekið upp og ný skjöl lögð fram 5. nóvember sl. Var þar um að ræða skjöl, er vegna mistaka hafði láðst að leggja fram fyrr. Dómari ákvað í framhaldi af þinghaldinu 5. nóvember sl. og framlagningu skjala þá að yfirheyra tvö vitni, og átti síðan að gefa sækjanda og verjendum kost að flytja viðbótarsókn og viðbótarvarnir, sbr. 136. gr. laga nr. 74, 1974.

Framangreind vitni voru yfirheyrd fyrir dómi föstudaginn 29. nóvember sl. Annað vitnanna, Ellert Vigfússon rannsóknarlögreglumaður, staðfesti skýrslu sína, sem þingmerkt hefur verið sem dómskjal nr. 25 í máli þessu. Á nefndu dómskjali greinir vitnið frá upplýsingaaðilja, er hafði veitt lögreglu upplýsingar varðandi meint fíkniefnamisferli Ólafs Donalds Helgasonar, sem er einn ákærðra í sakadómsmáli nr. 314-319/1985. Vitnið ber fyrir dómi að hafa ásamt nafngreindum lögreglumönnum fylgst með heimili

Ólafs Donalds og haft hann grunaðan um dreifingu fíkniefna, svo sem fram kemur á dómskjali nr. 24. Vitnið kvað nefndan upplýsingaaðilja hafa að undirlagi og undir stöðugu eftirliti lögreglu verið sendan á heimili Ólafs Donalds til að kanna undirtektir Ólafs varðandi útvegum fíkniefna og þá hvaða tegund efnis Ólafur hefði undir höndum. Vitnið kvað margnefndan upplýsingaaðilja hafa haldið á heimili Ólafs Donalds og þar hafi nefndur upplýsingaaðili tekið við sýnishorni þess efnis, er ákærði Ólafur Donald hafði undir höndum, og afhenti síðan lögreglu efnið skömmu síðar.

Ellert Vigfússon rannsóknarlögreglumaður kvaðst ekki gefa upp, hvert nafn margnefnds upplýsingaaðilja væri. Þá var bókað eftir vitninu:

„Ástæðuna kveður vitnið vera þá, að reynslan hafi sýnt að slíkir menn eigi á hættu hefndaraðgerðir og því telur vitnið öryggis upplýsingaaðilans vegna ekki rétt að greina frá nafni aðilans.“

Dómari kvað upp (sic), sbr. 4. mgr. 134. gr. laga nr. 74, 1974, að dómari teldi vitninu ekki skylt að svara þeim spurningum, hver upplýsingaaðilinn á dómskjali nr. 25 væri, á annan hátt en vitnið hefði þegar gert með þar tilgreindum ástæðum.

Verjandi ákærða Ólafs Donalds Helgasonar gerði þá kröfu, að „vitninu verði gert skylt að svara þeirri spurningu hver upplýsingaaðilinn er, er fram kemur á dómskjali nr. 25, svo unnt sé að sanna sannleiksgildi skýrslunnar með tilliti til 35. gr. laga nr. 74, 1974, þar sem ljóst má vera, að aflað hafi verið sönnunargagna með ólögmætum hætti á hendur ákærða Ólafs Donalds Helgasonar (sic) sem síðar var grundvöllur að húsleitarúrskurði.“

Dómari tók þá málið til úrskurðar, sbr. 124. gr. laga nr. 74, 1974.

Niðurstöður.

Í úrskurði þessum verður á engan hátt tekin afstaða til fullyrðingar verjandans um meintar ólögmætar rannsóknaraðferðir, svo sem fram kemur í kröfugerð verjandans. Í úrskurði þessum verður einungis tekin afstaða til þess, hvort vitninu Ellert Vigfússyni rannsóknarlögreglumanni verði gert skylt að svara spurningunni, hver sé hinn ónafngreindi upplýsingaaðili á dómskjali nr. 25.

Dóminum er ljós hin víðtæka vitnaskylda manna samkvæmt lögum nr. 74, 1974. Ekki verður séð, að positívu lagaákvæði sé til að dreifa, er beinlínis leysi rannsóknarlögreglumanninn Ellert Vigfússon undan vitnaskyldu að því leyti er hér er sérstaklega til úrlausnar, sbr. þó tilgang 2. mgr. 93. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. Hrd 1960, bls. 390.

Verjandi ákærða Ólafs Donalds tekur fram í sinni kröfugerð, að nauðsynlegt sé að fá nafngreindan margnefndan upplýsingaaðilja á dómskjali nr. 25, til að unnt sé að sanna sannleiksgildi skýrslunnar á dómskjali nr. 25.

Dómari hefur frjálst mat um sönnunargildi vitnisburðar, sbr. 110. gr. oml. en rétt er þó að taka fram, að atvik þau, sem áttu sér stað við húsleit

hjá ákærða Ólafi, og síðari framburður ákærða Ólafs sjálfs eru til þess fallin að styrkja sannleiksgildi nefndrar skýrslu, þar sem ákærði Ólafur viðurkenndi dreifingu fíkniefna á þeim tíma, er um ræðir í skýrslunni, og við nefnda hútleit fundust hjá ákærða Ólafi fíkniefni (amfetamín).

Nauðsynlegt þykir og þjóðfélagslegir hagsmunir í húfi, að borgarar geti veitt lögreglu upplýsingar og eins og hér stendur á aðstoð við rannsókn og uppljóstran alvarlegra brotamála án þess að eiga á hættu að baka sjálfum sér óþægindi vegna þessa, og þykir því eðli máls samkvæmt hér um að ræða efni, er leynt á að fara.

Úrskurður þessi er kveðinn upp á grundvelli 124. gr. laga nr. 74, 1974. Skv. nefndri lagagrein er verjanda heimilt að bera undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á.

Dómarinn álitur, að engu máli skipti varðandi efnislega niðurstöðu í sakadómsmáli nr. 314-319/1985, hvort Ellert Vigfússon svari spurningu verjanda ákærða Ólafs Donalds um hver upplýsingaaðilinn er, er getið er í dómskjali nr. 25. Spurning verjandans er því að mati dómsins sýnilega þýðingarlaus, sbr. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 74, 1974.

Samkvæmt öllu ofanrituðu er hafnað kröfu verjanda ákærða Ólafs Donalds Helgasonar um, að vitninu Ellert Vigfússyni rannsóknarlögreglu-manni verði gert skylt að svara þeirri spurningu, hver upplýsingaaðilinn er, er getið er um á dómskjali nr. 25.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Vitninu Ellert Vigfússyni er ekki skylt að svara spurningu um, hver sé upplýsingaaðilinn á dómskjali nr. 25.